

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	BÓK 203 Kennsluáætlun vor 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Leifur Brynjólfsson	Sk.st.	LEB
----------------	---------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Gert er ráð fyrir að nemendur, sem hefja nám í þessum áfanga, hafi fullt vald á bókhaldshringrásinni, geti hafið bókhald og lokað því samkvæmt reglum tvíhliða bókhalds. Þessi kunnátta er dýpkuð verulega meðal annars með erfiðari færslum. Farið er yfir bókun á helstu reikningum fyrirtækja, notkun fyrningareikninga við afskriftir eigna, bókun verðbréfa, hlutabréfa, skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga og notkun affallareiknings. Einnig er farið yfir bókanir sem varða innflutning, tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, kostnað og fyrirkomulag við geymslu á vörum í tollvörugueymslu. Uppgjörsfærslum er haldið áfram, bæði í gegnum aðalbók og reikningsjöfnuð. Farið er yfir bókanir í sambandi við stofnun og slit fyrirtækja, breytingar á réttarformi, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

Markmið: Að nemandi:

- Kunni skil á færslum vegna innflutnings á vörum, helstu innflutningsskjölum tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, gengisbreytingum og kostnaði og fyrirkomulagi við geymslu á vörum í tollvörugueymslu.
- Geti reiknað og bókað verðbætur, vexti og afborganir af verðtryggðum skuldabréfum.
- Geti bókað færslur sem tengdar eru hlutabréfaeign; arður, gengisbreytingar, jöfnunarhlutabréf og svo framvegis.
- Kunni að meðhöndla mismunandi virðisaukaskatt í bókhaldi.
- Dýpki skilning sinn á færslum í launabókhaldi varðandi skil á; staðgreiðsluskatti, framlagi í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi.
- Geti unnið með viðskiptamannabókhald, sérstaklega með tilliti til innheimtu og afskrifta á viðskiptakröfum.
- Geti bókað færslur sem varða stofnun og slit fyrirtækja.
- Geti bókað færslur sem varða breytingu á réttarformi fyrirtækja, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu þeirra.

Námsgögn:

Bókfærsla I eftir Tómas Bergsson (ný útgáfa 2009). (Sama bók og í BÓK 103).

Bókfærsla II eftir Tómas Bergsson (ný útgáfa 2008).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	BÓK 203 Kennsluáætlun vor 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 3		

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
2	Kynning á áfanganum. Tapaðar kröfur.	22, 23, 24, 25.
3	Birgðir, fasteignareikningur, bifreiðareikningur, fastafjármunir, veltufjármunir, veðskuldir, áhvílandi skuldir.	26, 27, 28 og 29
4	Gjöld vegna fasteigna og bifreiða. Leigutekjur, viðskipti við útlönd, tollur og virðisaukaskattur í tolli. Stöðupróf.	30, 31, 32.
5	Gengismunur, erlendar skuldir við reikningslokun	
6	Fyrirfram innheimtar og óinnheimtar tekjur við reikningslokun. Aðrar tekjur. Launabókhald og launatengd gjöld.	
7	Launaseðill. Stöðupróf	
8		
9	Kostnaðarreikningar.	
10	Stöðupróf	
11	Tapaðar kröfur og virðisaukaskatturinn.	
12	Meðalálagnir og mat vörubirgða. Skuldabréf. Opnir dagar	
13	Afföll skuldabréfa.	
14	Páskafri	
15	Sameignarfélög, hlutafélög.	
16		
17	Stöðupróf	
18-19	Lokapróf.	

Verkefni: Nemendur vinna verkefnið í kennslubækurnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	BÓK 203 Kennsluáætlun vor 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

Námsmat og vægi námsþátta:

	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Próf í lok annar. Prófið samanstendur af dagbókarverkefni sem gildir 50% og reikningsjöfnuði og höfuðbók sem gildir 50%. Nemandi verður að ná a.m.k. 5,0 á lokaprófi til þess að vetrarvinna komi til einkunnar.	60%
Skyndipróf	4 stöðupróf verða á önninni og gilda þrjú þau bestu samtals 30%	30%
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnusemi þ.m.t. mæting.	10%
Annað	Nemandi getur valið að sleppa lokaprófi uppfylli hann eftirfarandi skilyrði: 1. Hann taki öll stöðuprófin (4) og fái 8,0 eða hærra í meðaleinkunn á þeim. Engin stök einkunn má þó vera lægri en 7,0. 2. Mæting hans sé á bilinu 90% til 100% í lok annar. Gildir þá vetrareinkunn sem lokaeinkunn sem hér segir: - Kaflapróf (öll fjögur): 90% - Ástundun og mæting: 10%	100%
Útreikningur einkunna á prófum.	Villulaust próf gefur einkunnina 10. 1,0 er dreginn frá fyrir hverja villu. Á lokaprófi er litið á hvorn hluta sem sérstakt próf þannig að í raun er dreginn ½ frá fyrir hverja villu.	

Kennsluáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 9. janúar 2012

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils